

AUGLÝSING

um breytingu á aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Hinn 9. mars 1984 var undirrituð bókun varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland þar sem kveðið er á um breytingu á niðurstöðu viðuræðna frá 20. mars 1976, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1976, 2/1979 og 3/1981.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. mars 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Dagana 11. og 12. janúar og 8. og 9. mars 1984 fóru fram í Reykjavík viðurður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um niðurstöðu viðuræðna um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland frá 20. mars 1976, eins og henni var breytt 10. janúar 1979 og 13. janúar 1981. Samkomulag varð um að í stað þess að fyrirkomulagið falli niður 13. júní 1984 verði sú breyting á almennum ákvæðum niðurstöðunnar að í lok fyrstu málsgreinar þeirra bætist við eftirfarandi orðalag:

„Íslensk stjórnvöld ákveða hámarksaflla fær-
eyskra skipa, þ. á m. þorskafla, ár hvert, að
höfðu samráði við landsstjórn Færeyja og með
tilliti til ástands viðkomandi fiskstofna og annarra
aðstæðna sem máli skipta fyrir báða aðila.“

Reykjavík, 9. mars 1984.

Staðfest:

Geir Hallgrímsson
Halldór Ásgrímsson

PROTOKOLL

um atgongd föroyinga til fiskiveiðu við Ísland.

Í dögnum 11. og 12. janúar og 8. og 9. mars 1984 fóru samráðingar fram í Reykjavík millum umboð fyrri Ríkisstjórn Íslands og Föroya Landsstýri um niðurstöðuna av samráðingunum um atgongd föroyinga til fiskiveiðu við Ísland frá 20. mars 1976 sum broytt 10. janúar 1979 og 13. janúar 1981. Semja varð um, at ið staðin fyrri at lata galdandi skipan detta niðurfyrri 13. juni 1984 skal tann broyting gerast i almennu reglunum í niðurstöðunum at skoytt verður upp í fyrstu grein:

„Íslendskir myndugleikar áseta mest loyvdu veiðinögd, m.a. fyrri tosk, hjá föroyskum skipum hvørt ár, eftir samráðingar við Föroya Landsstýri og havandi í huga stöðuna hjá viðkomandi fiskastovnum eins væl og onnur viðurskifti av týðningi fyrri báðar partar.“

Reykjavík, 9. mars 1984.

Staðfest:

Pauli Ellefsen
Arnfinn Karlsberg